

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

137. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins haldinn þann 20. apríl 2022 kl. 14:00.

Til fundarins mættu: Árný Sigurðardóttir og Helgi Guðjónsson frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Hörður Þorsteinsson, Ríkharður F. Friðriksson og Páll Stefánsson frá Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði.

Dagskrá:

HEF fundarefni:

Leyfi í vinnslu eða útgefin:

1. Breikkun (tvöföldun) Suðurlandsvegur frá Fossvallavötnum og niður að Geirlandi.
 - a. Útgefið starfsleyfi til Vegagerðarinnar
 - b. Útgefið starfsleyfi til Jarðval ehf. - jarðvinnuverktaka með framkvæmdinni
2. Hliðarvegur við hlið Suðurlandsvegur frá Geirlandi og upp að afleggjara að Waldorfsskóla.
 - a. Í auglýsingu til 1. maí 2022.
3. Skíðalyftur í Bláfjöllum
 - a. Útgefið starfsleyfi til Doppelmayr - skíðalyftur ehf. – til jarðvinnu og uppsetningu á tveimur skíðalyftum. Gildir 30. nóvember 2023.
 - b. Í vinnslu er leyfi til niðurrifs á möstrum og uppsetning á snjógirðingum og landmótun í tengslum við uppsetningu á nýjum skíðalyftum.
4. Gerð fjögurra rannsókna borhola á Bláfjallasvæðinu
 - a. Drög að starfsleyfi í vinnslu og eru á leið í auglýsingu.
5. Kvikmyndataka í Bláfjöllum
 - a. Útgefið tímabundið starfsleyfi til Senu ehf. vegna kvikmyndagerðar í Eldborgargili.
6. Færsla á skilarétt skammt frá Suðurlandsvegi.
 - a. Umsögn HEF var byggð á áður jákvæðri umsögn um sama erindi frá fyrri tíð, þar sem ekki var gerð athugasemd við færslu réttarinnar. Þar sem ekki varð af færslu skilaréttarinnar á sínum tíma var óskað eftir nýrri umsögn heilbrigðiseftirlitsins. Niðurstaðan var að leggjast ekki alfarið gegn færslu skilaréttarinnar þar sem færslan er hugsuð til að tryggja öryggi búfjár og umferðar, en lagt til að reynt verði að finna aðra staðsetning fyrir réttina utan vatnsverndarsvæðisins.
7. Olís, litla kaffistofan. Frestur til 28.4
 - a. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur óskað eftir umsögn Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd vegna málsins
 - b. Þar sem tankar eru á aðrennslissvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarinnar er það mat framkvæmdastjórnar er að gera þurfi ríkulegar kröfur til mengunarvarna og gera þarf þá kröfu að þeir olíutankar á svæðinu standist ítrustu kröfur sem gerðar eru til slíks búnaðar innan vatnsverndarsvæðisins.
Eftirfarandi bókun var gerð á fundinum:
 - i. Umsögn um áformað starfsleyfi.
Litla kaffistofan á Sandskeiði í landi Ölfuss.

Í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 hefur heilbrigðisnefnd Suðurlands auglýst til umsagnar áformað starfsleyfi fyrir Olís ehf. vegna

FRAMKVÆMDASTJÓRN UM VATNSVERNDARSVÆÐI HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

reksturs eldsneytisafgreiðslu við Litlu kaffistofuna á Sandskeiði. Fram kemur að áformað leyfi er til 12 mánaða. Frestur til að veita umsögn er til 28. apríl 2022. Ekki kemur fram hvers vegna áformað leyfi er eingöngu ætla að gilda til eins árs, þ.e. hvort rekstraraðili áformi að loka stöðinni að þeim tíma liðnum eða hvort í bígerð séu einhverjar breytingar.

Litla kaffistofan er í landi Ölfuss en þekkt er að grunnvatnsstraumar liggja frá þeim stað til vesturs inná vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og eru hluti að svo nefndum Leitarstraumi eða Elliðavatnsstraumi. Vegna ríkra vatnsverndarhagsmuna, magns olúbirgða og aldurs stöðvarinnar er það mat framkvæmdastjórnar að gera þurfi ríkar kröfur um mengunarvarnir.

HER fundarefni:

Engin fundarefni voru á vegum HER

Önnur mál:

1. Fulltrúar framkvæmdastjórnar um vatnsvernd sátu fund vegna viðbragðsáætlunar vegna gróðurelda í Heiðmörk. Kynning á búnaði og verkaskiptingu mismunandi viðbragðsaðila.
 - a. Unnið verður að viðbragðsáætlun vegna gróðurelda á vegum Almannavarna. Sérstaklega verður hugað að mikilvægi vatnsverndar.
2. Breikkun Suðurlandsvegar frá Bæjarhálsi að Hólmsá
 - a. Óskað er eftir umsögn bæði HER og HEF
 - b. Umsagnir eru í vinnslu í báðum heilbrigðiseftirlitum og sammælst um að
3. Kynnt var LIFE ICEWATER verkefnið. Er um að ræða samning um samstarf um aðlögun (implement) af vatnaáætlun fyrir Ísland. Samstarfsverkefni SHÍ, UST , Orkustofnunar og MAST.
4. Lagt til að skógræktarfélag á höfuðborgarsvæðinu séu boðuð til fundar með Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og rætt verði um fyrirkomulag með stígagerðum og framkvæmdum á vatnsverndarsvæðinu sem skógræktarfélagin standa fyrir.

Fleira ekki gert//HG